

Nefndasvið Alþingis — Umhv.- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 16.9.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-222
0.5

Með erindi dags. 1. september sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 647. mál.

Veðurstofan fagnar þingsályktunartillögu þessari og telur mikilvægt að móta enn frekar samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins hvað varðar umhverfis- og auðlindamál. Hafa megi í huga aðkomu náttúrustofa, t.d. að atburðavöktun og náttúruvá. Ljóst er að þarna er um fjölbreytta samstarfs- og samnýtingarmöguleika að ræða.

Veðurstofan og Náttúrustofa Suðurlands hafa frá árinu 2014 verið með samstarfssamning um mönnun á vöktun á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Veðurstofan um langt skeið annast margvíslega vöktun á Stórhöfða til viðbótar hefðbundnum veðurmælingum. Einkum er um að ræða verkefni er varða alþjóðlega samninga íslenskra stjórnvalda um vöktun á grunnstyrk þungmálma og þrávirkra lífrænna efna. Einnig hefur stofnunin veitt ýmsum öðrum stofnunum og verkefnum, innlendum sem erlendum, brautargengi og er Stórhöfði orðinn vel þekktur í vísindasamfélaginu sem umhverfisvöktunarstöð. Má þar nefna vöktun fyrir Umhverfisstofnun Kanada, NOAA í Bandaríkjunum, sem og tékkneska vöktun á þrávirkum lífrænum efnum. Svo mætti lengi telja. Samstarf Veðurstofunnar og Náttúrustofu Suðurlands hefur verið afar farsælt og vinna starfsmanna Náttúrustofu Suðurlands afar fagleg og ábyrg.

Veðurstofan telur að aukið samstarf ríkisstofnana og náttúrustofa geti nýst á fjölbreytilegan hátt, s.s. styrkt vinnuferla, stýtt viðbragstíma, styrkt faglega aðkomu að verkefnum og ekki síst eft tengsl við landsbyggðina. Ýmsir samstarfsmöguleikar liggja handan hornsins. Hægt væri að nýta slíkt samstarf við umsýslu og viðhald þeirra fjölbreyttu mælitækja sem er að finna vítt og breytt um landið. Aðkoma náttúrustofa að náttúruváratburðum gæti eft og styrkt ýmis verkferli og verklag. Sem dæmi gæti verið mikill stuðningur fólgin í því að hafa staðkunnuga aðila með í ráðum, s.s. um skipulag og uppsetningu mælitækja vegna vöktunar á styrk gass, sýnatöku vegna efnasamsetningar úrkomu eða öskudreifingar. Vel skilgreint verklag og grundvöllur að samvinnu hefði t.d. verið mjög ákjósanleg sviðsmynd við eldgosíð í Holuhrauni 2014-2015.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ